

Reykjavík 3. maí 2024

Efni: Umsögn KÍO - félags kvenna í orkumálum um frumvarp til laga um Orkusjóð (Loftslags- og orkusjóður), 942. mál

Vísað er til tölvupósts, dags. 19. apríl sl., þar sem félaginu Konur í Orkumálum (KÍO) er gefið tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga um Orkusjóð (Loftslags- og orkusjóður), 942. mál.

Konur í orkumálum (KÍO) er félag kvenna í orkumálum. Hlutverk KÍO er að efla þátt kvenna í orkumálum, styrkja tengsl þeirra og auka áhrif innan orku- og veitugeirans.

KÍO þakkar fyrir tækifærið til að skila inn umsögn um frumvarpið. Félagið skilaði inn ítarlegri umsögn um málið þegar það var á frumstigi sbr. [mál nr. S-250/2022](#) á Samráðsgátt, sjá [hér](#) og í [fylgiskjali 1](#) með þessu erindi. Málið fékk síðan nánari umfjöllun í [máli nr. S-69/2024](#) á Samráðsgátt.

Frumvarpið felur í sér sameiningu Orkusjóðs og Loftslagssjóðs í einn sjóð sem mun bera nafnið Loftslags- og orkusjóður. Samkvæmt frumvarpinu er þessum nýja sjóði ætlað að styrkja verkefni sem tengjast orkuskiptum og nýsköpun á sviði loftslagsmála. Samkvæmt frumvarpinu er annars vegar um að ræða styrkveitingar sem heyra undir verkefni á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og hins vegar styrki til innleiðingar á hringrásarhagkerfinu. Á fyrri stigum máls hefur komið fram að markmið sjóðsins sé að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og stuðla að kolefnishlutleysi Íslands.

KÍO fagnar þessum áformum og telur jákvætt að sameina þessa sjóði, en bendir á að ekki virðist hafa verið tekið tillit til ábendinga félagsins, né annarra umsagnaraðila í framangreindum málum nr. S-250/2022 og S-69/2024 á Samráðsgátt.

Að mati KÍO felur breytingin *eingöngu* í sér að breyta nafni Orkusjóðs í Loftslags- og orkusjóð og þ.a.l. fella úr gildi lagaákvæði um Loftslagssjóð. Þarna er að mati KÍO farið á mis við mikilvæg tækifæri til að skýra betur í lögnum *markmið Orku- og loftslagssjóðs, matsferlið sem liggur að baki styrkveitingum, skipun og setu stjórnar* og þannig stuðla að vandaðri úthlutun á almanna fé. KÍO hefur haft áhyggjur af þessu, og þá sérstaklega í ljósi ójafns kynjahlutfalls umsókna og úthlutana á síðustu árum.

Eftirfarandi eru helstu ábendingar KÍO en að öðru leyti vísast til fyrri umsagnar um málið:

Styrkveitingar og kynjajafnrétti: KÍO hefur áhyggjur af hlutfallslega fáum umsóknum af hálfu kvenna og að þar verði ekki breyting á nema með markvissum aðgerðum.

Þessu til stuðnings vísar félagið til þess að við síðustu úthlutun Orkusjóðs fór aðeins 12% af fjármagninu eða tæpar 106 m.kr. af 914 m.kr. sem úthlutað var til verkefna sem konur voru í forsvari fyrir, sjá einnig í töflu 1 hér að neðan. Þetta er vissulega hærra hlutfall en árið 2022, sem var 7%, hins vegar var þetta

hlutfall 19% árið 2014. Í þessu samhengi vísar KÍO til þess að Orkusjóður hefur vaxið gríðarlega síðustu ár og var heildarupphæð úthlutana á árunum 2000 til 2020 aðeins brotabrot af því sem hún er núna.

Kynjahlutföll umsókna/úthlutana	
Fjöldi umsókna	
KVK	18%
KK	82%
Upphæð umsókna	
KVK	16%
KK	84%
Fjöldi styrktra verkefna	
KVK	16%
KK	84%
Upphæð styrktra verkefna	
KVK	12%
KK	88%
Árangurshlutfell	
KVK	25%
KK	30%

Tafla 1: Kynjahlutföll umsókna og úthlutana úr Orkusjóði árið 2023

Matsferli: Að mati KÍO er nauðsynlegt að lög um Loftslags- og orkusjóð tryggji að bæði skipun stjórnar og úthlutun styrkja fari eins faglega fram og kostur er, t.a.m. eins og gert er í lögum um Tækniþróunarsjóð og Matvælasjóð.

Til að ná þessu fram telur KÍO að víðtækari breytingar á lögum um Orkusjóð (Loftslags- og orkusjóðs) séu nauðsynlegar. Til dæmis væri hægt að lögfesta lágmarksviðmið um matsferlið en engin slík viðmið er að finna í núgildandi lögum eða þessu frumvarpi.

KÍO vill einnig benda á að Rannís hefur séð um umsýslu Loftslagssjóðs, og hefur í umsögnum sínum um þetta mál einnig lýst yfir vilja til að taka að sér umsýslu nýs Loftslags- og orkusjóðs, þ.e. þess hluta sem snýr að nýsköpunarverkefnum á málefnasviðum sjóðsins.

Tækifæri til breytinga með áherslu á jafnrétti: KÍO vill benda stjórnvöldum á að hér er tækifæri fyrir Ísland til að vera leiðandi þegar kemur að því að úthluta fé til loftslags- og orkumála. Þetta er hægt að gera með því að lögfesta skýr markmið um *jafnrétti* og *réttlát umskipti* (e. just transition) og stuðla þannig að jafnrétti og fjölbreytni bæði m.t.t. umsókna og úthlutana úr sjóðnum.

Til að ná þessu fram leggur KÍO eftirfarandi til:

1. Að sjóðurinn setji sér markmið og aðgerðaáætlun um kynjahlutfall umsókna m.a. til stuðla að heimsmarkmiði númer fimm um jafnrétti kynjanna.
2. Að settir séu matskvarðar til að lágmarka hlutdrægni við faglegt mat umsókna.
3. Lögfesta kynjahlutfall í stjórn og eftir atvikum fagráði sjóðsins.
4. Lögfesta að stjórnir og fagráð fái þjálfun sem hefur það að markmiði að lágmarka líkur á ómeðvitaðri kynbundinni hlutdrægni.
5. Að sjóðurinn leggi áherslu á að kynna fyrirhugaðar styrkveitingar og hvetji konur til þátttöku.

Stjórnarkonur í KÍO eru ávallt reiðubúnar til samtals og samstarfs við stjórnvöld um þessi mál, sem og að gera frekar grein fyrir þessari umsögn sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

Stjórn Kvenna í orkumálum

Fylgiskjal 1: Umsögn KÍO - félags kvenna í orkumálum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð, dags. 10. janúar 2023

Fylgiskjal 1

Umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík
urn@urn.is



Reykjavík 10. janúar 2023

Efni: Umsögn KÍO - félags kvenna í orkumálum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Orkusjóð

Konur í orkumálum (KÍO) er félag kvenna í orkumálum. Hlutverk KÍO er að efla þátt kvenna í orkumálum, styrkja tengsl þeirra og auka áhrif innan orku- og veitugeirans.

KÍO þakkar tækifæri til að skila inn umsögn um frumvarpið. Orkusjóður hefur í gegnum tíðina gegnt stóru og mikilvægu hlutverki í orkumálum á Íslandi með styrkveitingum til einstaklinga og fyrirtækja sem lúta að því að styrkja orkuinnviði landsins þar sem áherslur sjóðsins hafa breyst í takt við áherslur og þarfir samfélagsins.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sameina Orkusjóð og Loftslagssjóð þannig að **gerð verði breyting á lögum um Orkusjóð og kveðið á um sameinaðan sjóð í þeim lögum**. Samhliða verði ákvæði um Loftslagssjóð í lögum um loftslagsmál felld úr gildi. Gert er ráð fyrir að núverandi fjárheimildir beggja sjóða renni inn í hinn nýja sjóð.

Markmiðið með breytingunni skv. frumvarpinu er að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum, ná markmiði um kolefnishlutleysi Íslands, auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkubúskap Íslands og að einfalda og auka við styrkveitingar á sviði orku og loftslagsmála með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. En áætlað er að styrkja verkefni sem tengjast orkuskiptum og nýsköpun á sviði loftslagsmála.

KÍO fagnar þessum markmiðum og viðleitni stjórnvalda til að styrkja og efla Orku- og loftslagssjóð til framtíðar enda munu verkefni sem tengjast nýsköpun og orkuskiptum til að ná fram nauðsynlegum breytingum og þar með markmiðum um kolefnishlutleysi skipta samfélagið gríðarlega miklu máli á komandi árum.

Á tímum mikilla breytinga vill KÍO leggja áherslu á mikilvægi réttlátra umskipta (e. just transition) og fjölbreytni þeirra lausna sem eiga upp á pallborðið. Hvernig staðið er að úthlutun á almennu fé í málaflokk sem þennan, sem snertir allt samfélagið á einn eða annan hátt skiptir því miklu máli og mikilvægt að stjórnvöld setji sér skýr markmið og aðgerðaáætlun um það hvernig stuðlað sé að jafnrétti við úthlutun úr sjóðnum.

Áhyggjur KÍO af núverandi kynjahlutfalli umsókna, úthlutana og almennu fyrirkomulagi Orkusjóðs

Nýverið sendi KÍO umhverfis-, orku og loftslagsráðherra fyrirspurn um úthlutun styrkja úr Orkusjóði á árinu 2022 en árið 2022 úthlutaði Orkusjóður alls 1.100 m.kr.. KÍO vill taka fram að samskipti við stjórnvöld hafa verið jákvæð og vel tekið í ábendingar félagsins.

Tílefni fyrirspurnarinnar var viðburður sem fól í sér kynningu á þeim verkefnum sem fengu styrk úr sjóðnum árið 2022. En af 18 kynningum stóðu konur einungis að baki einni þeirra, eða einungis 6%.

Félagið óskaði m.a. eftir upplýsingum um hvernig staðið sé að úthlutun styrkja, skipan stjórnar og hámarks lengd stjórnarsetu við sjóðinn og hvernig kynjahlutföll umsókna, úthlutanna og fjármagns hafi verið síðustu ár.

Þau svör fengust m.a. að árið 2022 stóðu konur að baki 16% umsókna (11% m.t.t. upphæðar) þar sem 7% af fjármagninu fóru til verkefna sem konur voru í forsvari fyrir.

Þessi tölfræði hefur lítið breyst síðustu ár en hún hefur verið tekin saman frá árinu 2020. Síðan þá hefur það fjármagn sem sjóðurinn úthlutar aukist umtalsvert eða úr um 200 m.kr. árið 2020 í 1.100 m.kr. árið 2022.

Í svari stjórnvalda kom einnig fram að hlutverk Orkusjóðs væri að stuðla að því að orkunotendur geti notað innlenda, vistvæna orku í stað jarðefnaeldsneytis og að það væri miður að forsvarsaðilar slíkra verkefna væru sjaldan konur.

Í framhaldinu átti KÍO fund með umsjónaraðilum Orkusjóðs, Orkustofnun þar sem farið var yfir málið. Í kjölfar fundarins fengust þær upplýsingar að Orkusjóður hefur frá árinu 2020 skilað inn kynjaðri tölfræði til sérfræðings í jafnréttismálum sem sé gagnlegt til að skilja betur hvernig styrkirnir dreifast. Einnig fengust þær upplýsingar að Orkusjóður reyni að dreifa auglýsingum sínum sem víðast og sérstaklega til þeirra markhópa sem áherslur eru á hverju sinni.

Á fundinum kom einnig fram að starfsemi sjóðsins og áherslur taki alltaf mið af áherslum ráðherra, sem og lögum um Orkusjóð.

KÍO bendir því á að þrátt fyrir jákvæðni og vilja stjórnvalda til að jafna kynjahlutfall umsókna og úthlutana hefur það bersýnilega ekki tekist. Jákvæð viðleitni og söfnun kynjaðrar tölfræði dugir ekki til, en eins og tölfræðin sýnir á Orkusjóður enn langt í land með að ná ásættanlegu kynjahlutfalli. Fyrirhuguð lagabreyting er því kjörið tækifæri til að tryggja með lögum markmið, aðgerðir og áherslur stjórnvalda í því tilliti.

Galli í núverandi lögum um Orkusjóð og nauðsynlegar breytingar

Í núverandi lögum um Orkusjóð nr. 76/2020 er **ekki** gert ráð fyrir að kallað sé eftir tilnefningum frá akademískum stofnunum, stjórnvöldum eða hagsmunaaðilum þegar stjórn er skipuð og **ekkert hámark** gildir um það í hversu mörg tímabil stjórnarfélagi er heimilt að sitja.

Að sama skapi er **ekki** gert ráð fyrir því í lögum um Orkusjóð að **skipa sérstakt fagráð** sem er ráðgefandi um fagleg málefni við úthlutanir.

Í lögum um Tækniþróunarsjóð nr. 26/2021, lögum um Matvælasjóð nr. 31/2020 sem og reglum um starfsemi Loftslagssjóðs nr. 694/2019 gilda skýr ákvæði um skipan stjórnar, lengd stjórnarsetu og fagráð.

Samkvæmt fjárlögum 2023 er áætlað að 500 m.kr. fari til Orkusjóðs og um 100 m.kr. til Loftslagssjóðs. Enn fremur kemur fram í frumvarpinu að gert sé ráð fyrir auknum fjárheimildum. Það virðist því áfram markmið stjórnvalda að leggja umtalsverða fjármuni til sjóðsins en eins og fram hefur komið úthlutaði Orkusjóður 1.100 m.kr. árið 2022.

Það er af þessum sökum nauðsynlegt að fyrirhuguð lagabreyting tryggji að breytt lög um Orkusjóð sem kveða á um sameinaðan Orku- og loftlagssjóð taki mið af því að skipun stjórnar og úthlutun styrkja fari eins faglega fram og kostur er líkt og tryggt er í lögum um Tækniþróunarsjóð og Matvælasjóð. Til að ná þessu fram þarf víðtækari breytingar á lögum um Orkusjóð en settar hafa verið fram á þessu stigi máls.

Þessu til viðbótar er hér um að ræða kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld til að ganga enn lengra og lögfesta markmið um aðgerðir til að stuðla að jafnrétti og fjölbreytni bæði umsókna og úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Tækifæri til breytinga sem stuðla að jafnrétti og réttlátum umskiptum

Þó að eðlilega séu það alltaf verkefni sjálf sem metin eru til úthlutana hafa rannsóknir sýnt að kynjafjölbreytileiki hefur margvíslegan ávinning í för með sér svo sem aukna nýsköpun, skilvirkari stjórnarhætti, betri ákvarðanatöku, arðsemi og sterkari fjárhag.

Skortur á fjármögnun til verkefna undir stjórn kvenna er líka viðvarandi á hinum Norðurlöndunum og veldur áhyggjum. Nordic Innovation styrkir skýrslu¹ um *Startup funding* á Norðurlöndunum en þar kemur fram að fjölbreytileiki sé lykillinn að svökölluðum „impact companies“ (ísl. áhrifa fyrirtæki) sem eru fyrirtæki sem hafa jákvæð félagsleg og umhverfisleg áhrif². Slík fyrirtæki hafa afgerandi áhrif þegar unnið er að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna á borð við *Góða atvinnu og hagvöxt (8)*; *Sjálfbæra orku (7)*; *Nýsköpun og uppbyggingu (9)* og *Jafnrétti kynjanna (5)*. Samkvæmt skýrslunni eru fyrirtæki með a.m.k. eina konu í frumkvöðlateyminu helmingi líklegri til að vera *áhrifa fyrirtæki* í samanburði við fyrirtæki með einungis karlkyns frumkvöðlum.

Nordic Innovation hefur líka fjallað um það að *áhrifa-fjárfestingar* varða bæði félagslega og umhverfislega sjálfbærni. Þess vegna er nauðsynlegt að tryggja nægilegt fjármagn fyrir **báða þessa þætti í sameiningu** ef ætlunin er að ná fram réttlátum umskiptum (e. just transition). Réttlát umskipti fela í sér að þeim tækifærum og byrðum sem felast í loftslags- og tæknibreytingum og aðgerðum þeim tengdum sé dreift með réttlátum og sanngjörnum hætti.

Lausnirnar þurfa að taka mið af þörfum allra íbúa samfélagsins og til þess þarf að fjárfesta í nýsköpunarlausnum frá breiðum og fjölbreyttum hópum samfélagsins.

Með þessari lagabreytingu er kjörið tækifæri fyrir Ísland til að vera leiðandi í þessum efnum. Þessu má m.a. ná fram með því að setja ákvæði í lögum um:

1. Að sjóðurinn setji sér markmið og aðgerðaáætlun um kynjahlutfall umsókna og úthlutana í samræmi við það.
2. Að matskvarðar endurspegli markmið um kynjahlutföll. Til dæmis taki mið af Heimsmarkmiðum um jafnrétti kynja.
3. Setja ákvæði í lögum um kynjahlutföll bæði í stjórn og fagráðum.
4. Lögfesta að stjórnir og fagráð fái þjálfun sem hefur það að markmiði að breyta rötgrónni menningu um sýn þeirra á kyn í samhengi við markmið sjóðsins.

¹ [THE STARTUP FUNDING REPORT \(unconventional.vc\)](https://www.startupfundingreport.com/)

² [Lack of Funding from Nordic Governments and NGOs to Female Founders | Nordic Innovation](https://www.nordicinnovation.org/en/insights/lack-of-funding-from-nordic-governments-and-ngos-to-female-founders)

Að lokum vill KÍO koma á framfæri þökk fyrir áheyrnina. Félagið er boðið og búið til samstarfs við stjórnvöld til að efla jafnrétti og leggja áherslu á aukin fjölbreytileika í frumkvöðlastarfsemi orkumála sem og í orkumálum almennt.

Virðingarfyllt,

Stjórn Kvenna í orkumálum